

Gleðileg Jól! Og mjög snemma á tíma færði kyrkjan fæðingarhátið Meistara kristninnar yfir á þessa hátið. Hann fæddist í Bethlehem á jólum, í þann mund er fórnareldarnir brunnu sem skærast á Norðurlöndum, þegar hátiðareykinn lagði í skýjaböndum til himins frá Alemanníulandi, er gleðidansinn var sleginn sem hæst í Hlymsdölum. Undarlegt, óviðjafnanlegt, kristnin vað að innblása hátiðina. Hún gat ekki aftekið hana.

Og svo hafa „Gleðileg Jól“ verið hrópuð mann frá manni ofan aldirnar, og „Jólum mínum uni eg enn.“ Bergmálið forna líður inn um lokadar dyrnai hjá mér og gnauðar í vindinum, er þýtur fyrir gluggann. Það er dátt í Hlymsdölum. Ketilhaðan er flotstorkin í Prándheimi — Og af hæðum Austurlanda eru útréttar hendur til vonar og likiðar. „Komið til míni!“ Fráneygi, myrkhaerði, þýðmáli sonur Galílea lands, hverjir komu til þín? „Þeir hristu höfuð sín og gengu fram hjá.“

Er eg blendinn í trúnni? Thorvaldsen hefir höggvið þessa mynd í hvítan leir. Og hverjir eru Mattheus, Markús, Lúkas og Jóhannes, Rafael eða Angeló? Thorvaldsen hefir höggvið myndina. Þannig er hún vor. Og hún er mér kær. Hún er hold og býr með oss. Innofin vorum sögnum og vorum síðum. Í veizlusalinu í Hlymsdölum að Uppsölun: hjá Niðarósi, treður ókunnur maður. „Komið til míni!“ Sameinið guðahelginni mannhelgina. „Friður á jörð!“

* * *

* * *

* * *

Gleðileg jól! segja menn nú, og með gleðilegu jólunum er hjálpræðisherinn búinn að hengja upp krókpotta sína við hvert götuhorn. Bústnir, blánefjaðir og borðalagðir sáluhjálpar soldátar standa yfir þeim, berja sér og blása í kaun. Sáluhjálpar soldátar, er með elju og ástundan frelsa sálina frá líkamanum, það lítið er vera kann af sál í umventu iðrandi syndurunum. Þeir biðja um gjafir í pottinn, seðla, smápeninga, eirskildinga, svo að sjóði í pottinum og fátækir fái jólamat. Kærleiksverk! seðja hungraða um jólin. — Já, aðeins þeir vildi seðja og gæti satt.—